

Nefndasviðs Alþingis,

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/478
komudagur 28.11.2011

28. nóvember 2011

Efni: Þingsályktun um styttingu þjóðveggarins milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands (fram hjá Blönduós).

Lögð hefur verið fyrir alþingi tillaga til þingsályktunar um styttingu þjóðveggarins milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands með lagningu nýs vegar á svonefndri Svínavatnsleið, tillaga áður flutt á 139. löggjafarþingi og nú endurflutt.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu, sem gæta hagsmuna fyrirtækja á sviði flutninga, lýsa yfir stuðningi sínum við þessa tillögu enda verður að telja að veglagningin yrði verulega hagkvæm þjóðhagslega.

Sbr. þingsályktunina má áætla að leiðin muni liggja af núverandi þjóðvegi 1 í landi Brekkukots, norðan Svínavatns og tengjast hringveginum aftur við Fagranes í Langadal. Leiðin er tæplega 17 km löng og styttir vegalengdina á milli Akureyrar og Reykjavíkur um allt að 14 km eða um 3,5%. Sveitarstjórnarmenn í Austur-Húnavatnssýslu hafa lagst gegn lagningu vegar á Svínavatnsleið og er hætt við, vegna innansveitarbaráttu, að sæst verði á einhverja málamiðlun sem gagnast fæstum landsmönnum öðrum en heimafólki í Austur-Húnavatnssýslu. Það er afstaða flutningasviðs SVP að vegstæði þjóðveggar númer eitt geti ekki verið og eigi ekki að vera einkamál einstakra sveitarfélaga og þurfi að hugsa um hagsmuni heildarinnar í því sambandi. Samgöngur eru lífæð atvinnulífs og almennings þar sem annars staðar og stytting hringveggarins, sbr. fyrrgreint, lækkar flutningskostnað svo um munar en þjóðleiðin milli Reykjavíkur og Akureyrar er mest notaða vöruflutningaleið landsins.

Lagning Svínavatnsleiðar mun ennfremur leiða til aukins umferðaröryggis þar sem stytting hringveggarins minnkar umferð um hluta þjóðveggarins sem talinn er varhugaverður. Í því sambandi vill SVP undirstrika að það er skylda Vegagerðar ríkisins að stuðla að öryggi á vegum landsins og ættu vegfarendur síst að eiga von á að sveitastjórnir tefji framkvæmdaleyfi til vegabóta.

Samkeppnishæfi einstakra svæða landsins byggja á greiðum samgöngum og samgöngubætur eins og stytting vega og aukið umferðaröryggi eru mikilvægari en margt annað. Umhverfi skipulagsmála er flókið og varðar valdsvið og hagsmuni margra. Af því sögðu undirstrikar flutningasvið SVP mikilvægi þess að hagsmunir heildarinnar séu ávallt hafðir í fyrirrúmi og að sérhagsmunir ákveðinna sveitarfélaga fái ekki ráðið för.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtök verslunar og þjónustu



Lísbet Einarsdóttir, forstöðumaður flutninga- og fræðslumála SVP.